

**Ed.**

**11. Breytingartillögur**

[6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. april 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist nýir stafliðir:

1. A. 21 orðist svo:

*Sólheimavegur*: Af Biskupstungabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.

2. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:

a. *Skarðsvegur*: Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

b. *Laxárdalsvegur*: Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skáldabúðum, að Laxárdal.